

Fundargerð 408. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2018, föstudaginn 23. nóvember kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Guðný Hrund Karlsdóttir, Ólafur Þór Snorrason, Eydís Ásbjörnsdóttir, Guðmundur M Kristjánsson, Hanna Björg Konráðsdóttir, Pétur Ólafsson, Björn Arnaldsson og Lúðvík Geirsson.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Hafnasamband Íslands - stjórnarfundir 2018 - 1801004HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 407. fundar frá 24. október 2018.

Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.

2. Stjórn Hafnasambands Íslands 2018-2020 - 1811001HA

Kosning varaformanns og gjaldkera kjörtímabilið 2018-2022.

Að tillögu formanns var Hanna Björg Konráðsdóttir kjörin varaformaður og Guðný Hrund Karlsdóttir gjaldkeri.

Pétur kom inn á fundinn kl. 11:20.

3. Starfsnefndir og aðrar nefndir 2018-2022 - 1811002HA

Formaður lagði fram eftirfarandi tillögur að skipan starfsnefnda, sem samþykktar voru samhljóða.

Í umhverfis- og öryggisnefnd voru kjörin:

Ólafur Snorrason, Vestmannaeyjahöfn, formaður,

Bergsteinn Ísleifsson, Faxaflóahafnir og

Þórir Örn Gunnarsson, Hafnir Norðurljóða.

Nefndin fylgist með og fjallar um málefni hafna á sviði umhverfis og öryggismála. Í því felst m.a. að hafa á hendi almenn samskipti við viðeigandi stofnanir varðandi mengunarvarnir, öryggisreglur og reglur sem varða hafnir varðandi umhverfismála o.fl. Nefndin fjallar að öðru leyti um öryggis- og umhverfismál hafna eftir því sem tilefni er til hverju sinni.

Í starfshóp um hafnafund 2019 í Þorlákshöfn voru kjörin:

Lúðvík Geirsson, Hafnarfjarðarhöfn, formaður,

Eydís Ásbjörnsdóttir, Fjarðabyggðarhafnir og

Hjörtur Bergmann Jónsson, Þorlákshöfn.

Nefndin annast undirbúning og framkvæmd hafnafundar haustið 2019 sem haldinn verður í Þorlákshöfn.

4. Siglingaverndarráð - óskað tilnefningar - 1802002HA

Lagður fram að nýju tölvupóstur Samgöngustofu, dags. 14. febrúar 2018, þar sem óskað er eftir tilnefningu í Siglingaverndarráð. Endurtilnefna þarf í ráðið.

Samþykkt samhljóða að tilefna Björn Arnaldsson frá Höfnum Snæfellsbæjar og Guðnýju Hrund Karlsdóttur frá Hvammstangahöfn til vara.

5. Samráðsfundur Fiskistofu - óskað tilnefningar - 1701002HA

Fiskistofa óskaði eftir því að 10. september 2017 að hafnasambandið myndi tilnefna fulltrúa til að taka þátt í samráðfundum með fulltrúum Fiskistofu. Þessir samráðsfundir hafa verið mikilvægir í því að auka samstarf og upplýsingaflæði á milli hafnasambandsins og Fiskistofu.

Samþykkt samhljóða að tilnefna Björn Arnaldsson frá Höfnum Snæfellsbæjar og Sigurður Arnar Kristmundsson, Grindavíkurhöfn í samstarfsnefndina.

6. Hafnasambandsþing 2018 - 1610004HA

Lögð fram fundargerð hafnasambandsþings sem haldið var 25.-26. október sl.

Fundargerðin samþykkt og framkvæmdastjóra hafnasambandsins falið að senda fundargerðin út á aðildarhafnir.

7. Ályktun um gjöld vegna afnota fiskeldisfyrirtækja af hafnarmannvirkjum - 1610004HA

Lögð fram ályktun 41. hafnasambandsþings um gjöld vegna afnota fiskeldisfyrirtækja af hafnarmannvirkjum.

Samþykkt að senda ályktunina á samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið.

8. Ályktun um farþegagjald - 1610004HA

Lögð fram ályktun 41. hafnasambandsþings um farþegagjald. Einnig lögð fram drög að bréfi til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins um ákvæði 17. greinar hafnalaga nr. 61 frá 2003 varðandi farþegagjöld.

Samþykkt að senda erindi á samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið um málið.

9. Ályktun um hlutverk neyðarhafna - 1610004HA

Lögð fram ályktun 41. hafnasambandsþings um hlutverk neyðarhafna.

Samþykkt að senda ályktunina á samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið.

10. Ályktun um samstarf við Fiskistofu - 1610004HA

Lögð fram ályktun 41. hafnasambandsþings um samstarf við Fiskistofu.

Samþykkt að senda ályktunina á atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og Fiskistofu.

11. Ályktun um farþegaskip - 1610004HA

Lögð fram ályktun 41. hafnasambandsþings um farþegaskip.

Samþykkt að senda ályktunina á atvinnuvega- nýsköpunarráðuneytið, Umhverfisstofnun, umhverfis- og auðlindaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga.

12. Ályktun um umhverfismál og landtengingar - 1610004HA

Lögð fram ályktun 41. hafnasambandsþings um umhverfismál og landtengingar. Einnig lagt fram minnisblað, frá formanni dags. 16. nóvember 2018, um stöðu landtenginga.

Samþykkt að senda ályktunina á umhverfis- og auðlindaráðuneytið, Umhverfisstofnun og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið. Framkvæmdastjóra einnig falið að senda út minnisblaðið á aðildarhafnir.

13. Ályktun um dýpkunarmál - breyting á lögum um umhverfismat framkvæmda - 1610004HA

Lögð fram ályktun 41. hafnasambandsþings um dýpkunarmál - breyting á lögum um umhverfismat framkvæmda.

Samþykkt að senda ályktunina á umhverfis- og auðlindaráðuneytið, Umhverfisstofnun, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og Skipulagsstofnun.

14. Ályktun um staðsetningu mannvirkja í og við siglingaleiðir - 1610004HA

Lögð fram ályktun 41. hafnasambandsþings um staðsetningu mannvirkja í og við siglingaleiðir.

Samþykkt að senda ályktunina á umhverfis- og auðlindaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samtök sjávarútvegssveitarfélaga og Skipulagsstofnun.

15. Ályktun um haf- og strandsvæði - 1610004HA

Lögð fram ályktun 41. hafnasambandsþings um haf- og strandsvæði.

Samþykkt að senda ályktunina á umhverfis- og auðlindaráðuneytið, Skipulagsstofnun, Samtök sjávarútvegssveitarfélaga og Samband íslenskra sveitarfélaga.

16. Ályktun um öryggi í höfnum - 1610004HA

Lögð fram ályktun 41. hafnasambandsþings um öryggi í höfnum.

Samþykkt að senda ályktunina á aðildarhafnir Hafnasambands Íslands.

17. Ályktun um fjárveitingar til hafna - 1610004HA

Lögð fram ályktun 41. hafnasambandsþings um fjárveitingar til hafna.

Samþykkt að senda ályktunina á samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og samgöngu- og umhverfisnefnd Alþingis.

18. Ályktun um reglugerð ESB um þjónustu í höfnum - 1610004HA

Lögð fram ályktun 41. hafnasambandsþings um reglugerð ESB um þjónustu í höfnum.

Samþykkt að senda ályktunina á samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið.

19. Ályktun um stefnumótun - 1610004HA

Lögð fram ályktun 41. hafnasambandsþings um stefnumótun.

Samþykkt að senda ályktunina á samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og samgöngu- og umhverfisnefnd Alþingis.

20. Stjórn Hafnasambands Íslands 2018-2020 - 1811001HA

Lögð fram drög að starfsáætlun stjórnar hafnasambandsins fyrir árið 2019.

Starfsáætlun stjórnar samþykkt:

18. janúar - viðverufundur

15. febrúar - símafundur

22. mars - viðverufundur

5. apríl - símafundur

Vorferð 15.-16. maí á suðurhluta Vestfjarða.

23. ágúst - viðverufundur

13. september - símafundur

18. október - viðverufundur

18. nóvember - símafundur

6. desember - viðverufundur

Fundi var slitið kl. 13:00

Gísli Gíslason

Guðný Hrund Karlsdóttir

Ólafur Þór Snorrason

Eydís Ásbjörnsdóttir

Guðmundur M Kristjánsson

Hanna Björg Konráðsdóttir

Pétur Ólafsson

Björn Arnaldsson

Lúðvík Geirsson

Valur Rafn Halldórsson